

STJÓRNARTÍÐINDI A 7 — 1984

Nr. 25

40

30. mars 1984

LÖG

um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar,
með áorðnum breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Upphaf síðustu mgr. 14. gr. orðist svo:

Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal vera kr. 24 180.

2. gr.

2. mgr. 15. gr. orðist svo:

Árleg mæðralaun skulu vera sem hér segir:

Með einu barni	kr. 15 156
Með tveimur börnum	kr. 39 708
Með þremur börnum eða fleiri	kr. 70 428

3. gr.

1. og 2. mgr. 19. gr. orðist svo:

Ef aðrar tekjur elli- og örorkulífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga fara ekki fram úr 29 084 kr. á ári skal greiða uppbót á lífeyri hans að upphæð kr. 56 736 á ári. Hafi bótaþegi hins vegar tekjur umfram 29 084 kr. á ári skal skerða uppbótina um 45% þeirra tekna sem umfram eru. Sama gildir um hjónalífeyri eftir því sem við á. Til tekna í þessu sambandi teljast ekki vextir, verðbætur eða gengishagnaður sem frádráttarbær eru frá tekjum við ákvörðun tekjuskattsstofns.

Einhleypingi, sem nýtur óskertrar uppbótar (tekjutryggingar) skv. 1. mgr. og er einn um heimilisrekstur án þess að njóta fjárhagslegs hagræðis af sambýli eða samlögum við aðra um húsnæðisaðstöðu eða fæðiskostnað, skal að auki greiða heimilisuppbót kr. 1 422 á mánuði. Eigi hann rétt á skertri tekjutryggingu lækkar heimilisuppbótin í sama hlutfalli.

4. gr.

Síðasta mgr. 19. gr. orðist svo:

Að fengnum tillögum tryggingaráðs setur ráðherra reglugerð um framkvæmd lífeyris-hækkana samkv. þessari grein, þar á meðal nánari skilyrði fyrir rétti til heimilisuppbótar og uppbóta skv. 3. og 4. málsgrein. Tekjufjárhæðir í 1. mgr. miðast við tekjur árið 1982. Með reglugerð skal þeim fjárhæðum breytt 1. júlí árlega til samræmis við almennar hækkanir bóta og annarra tekna milli ára.

5. gr.

Síðasta mgr. 51. gr. orðist svo:

Ef elli-, örorku- eða ekkjulífeyrisþegi dvelst lengur en einn mánuð í stofnun þar sem sjúkratryggingar greiða fyrir hann fellur lífeyrir hans niður ef vistin hefur verið lengri en 4 mánuðir undanfarandi 24 mánuði. Heimilt er þó tryggingaráði að víkja frá þessum tímamörkum ef sérstaklega stendur á. Sé dvölin ekki greidd að fullu er heimilt að greiða lífeyri, allt að því sem á vantar. Ef hlutaðeigandi er algerlega tekjulaus er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða honum sjálfum allt að 25% grunnlífeyris og tekjutryggingar.

6. gr.

Lög þessi öðlist þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. mars 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG

**um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja lagmetisiðju ríkisins
í Siglufirði.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja hlutafélaginu Sigló hf., Siglufirði, lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði, Lagmetisiðjuna Siglósíld.

2. gr.

Heimilt er að lána kaupanda allt söluandvirði lagmetisiðjunnar með verðtryggðum kjörum til allt að 10 ára gegn þeim tryggingum sem ráðherra metur gildar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 46 19. maí 1972, um lagmetisiðju ríkisins í Siglufirði.

Gjört í Reykjavík, 15. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sverrir Hermannsson.